

GUÐRÚN GUÐNADÓTTIR, 1929-2015

KVEÐJA FRÁ FÉLAGI ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Guðrún Guðnadóttir heiðursfélagi í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga er látin. Guðrún útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1957. Hún lauk framhaldsnámi í geðhjúkrun við Nýja hjúkrunarskólann árið 1983.

GUÐRÚN STARFAÐI fyrstu ár sín sem hjúkrunarfræðingur á skurðstofu og skurðeildum bæði hér heima og í Danmörku. Starfsferill Guðrúnar hefur þó að mestu leyti verið bundinn við geðsvið og varð hún hjúkrunarframkvæmdarstjóri á Kleppsspítala 1964. Guðrún lét af störfum árið 1998.

Guðrún var í gegnum tíðina virk í félagsstörfum fyrir hjúkrunarfræðinga. Hún var af þeirri kynslóð sem þótti sjálfsgætt að vinna ómæld sjálfboðastörf fyrir félagið sitt og lét hún ekki sitt eftir liggja í þeim efnum. Guðrún sat bæði í stjórn deildar geðhjúkrunarfræðinga og stjórn deildar hjúkrunarforstjóra og hjúkrunarframkvæmdastjóra í Hjúkrunarfélagi Íslands. Hún var í áráraðir í ritnefnd Tímarits hjúkrunarfræðinga og vann að útgáfu hjúkrunarkvenna- og hjúkrunarfræðingatals ásamt allstórum hópi hjúkrunarfræðinga. Hópurinn hittist eitt kvöld í viku, mánuðum og misserum saman við undirbúninginn. Guðrún vann að útgáfu allra þriggja bókanna sem út komu á árunum 1969, 1979 og 1992. Hún gaf þannig félaginu ómældan tíma sinn, þekkingu og elju.

Guðrún sat í stjórn öldungadeildar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í 19 ár, frá árinu 1996 fram til vors 2015. Hún var gjaldkeri deildarinnar óslitið frá 1999. Guðrún var virk í starfi



GUÐRÚN GUÐNADÓTTIR var fædd 29. janúar 1929 og lést 6. ágúst 2015. Hún var gerð að heiðursfélagi í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga 2007.





Guðrún við útskrift úr Hjúkrunarskóla Íslands 1957.

öldungadeildarinnar. Þar vann hún meðal annars að því að koma á fót formlegu sambandi milli danskra og íslenskra hjúkrunarfræðinga sem komnir eru á eftirlaun, en það stuðlaði að samstarfi og kynnum þessara hópa. Guðrún hafði áhuga á að varðveita sögu hjúkrunar og hjúkrunarminjum. Stofnun hjúkrunarminjasafns hér á landi, í líkingu við hjúkrunarminjasafn danska hjúkrunarfélagsins, var Guðrúnu hugleikið. Guðrún ferðaðist ásamt þáverandi formanni öldungadeildarinnar, Pálínu Sigurjónsdóttur, til Danmerkur sumarið 2000 til að skoða safnið sem staðsett er í Kolding á Jótlandi. Öldungadeildin varð síðan virkur þátttakandi í stofnun og starfi

minjanefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarfræðingar þökkðu Guðrúnu fyrir langt og farsælt starf að félagsmálum hjúkrunarfræðinga með því að gera hana að heiðursfélaga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga vorið 2007.

Blessuð sé minning Guðrúnar Guðnadóttur hjúkrunarfræðings.

*Ólafur G. Skúlason,
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga*